

## Hegðun og úrræði

### Stefna skólans er að:

- tryggja öryggi nemenda og starfsfólks
- hjálpa einstaklingum að læra af þeim mistökum sem þeir gera varðandi hegðun og samskipti með því að líta í eigin barm og ná betri stjórn á eigin hegðun
- styrkja þá í að takast á við mistök sín á uppbyggilegan hátt

**Hegðun er annars vegar ásættanleg** eða **óæskileg** og hins vegar **óásættanleg**. Þarna á milli er dregin marklína, sem við köllum **skýru mörkin**.

Hegðun ásættanleg eða óæskileg

óásættanleg

### Æskileg og eðlileg hegðun

- Stundvísi
- Undirbúinn og reiðubúinn til að takast á við verkefni
- Góð umgengni
- Kurteisi



### Óæskileg hegðun

- Truflun
- Óstundvísi
- Aðgerðarleysi í tímum – lengi að koma sér að vinnu
- Slæm umgengni
- Ókurteisi
- Óviðeigandi orðbragð

## Tvær leiðir til að vinna með nemandanum

**Uppbygging** – starfsmenn sem standa nemanda að óæskilegri hegðun, reyna að leysa málið með nemandanum – samtal sem endar með lausn á málinu á staðnum. Það hefur ekki frekari afleiðingar.

**Viðurlög** - ef nemandi er ekki tilbúinn til að leysa málið á staðnum eða ef um endurtekna hegðun er að ræða.

Kennarar taka á þeim agamálum sem upp koma í þeirra kennslustundum, hvort sem er um umsjónarkennara að ræða eða aðra. Ef um aðra kennara er að ræða en

umsjónarkennara þarf að halda umsjónarkennara upplýstum með því að setja þá í cc ef send eru bréf til foreldra og skrá í dagbók í Mentor (velja að færslan birtist umsjónarkennurum og stjórnendum). Ef óæskilegt hegðun er endurtekin leitar kennari aðstoðar umsjónarkennara við lausn á málinu.

### **Hlutverk umsjónarkennara gagnvart agavandamálum sem upp koma:**

- Fyrst ræðir kennarinn einslega við viðkomandi nemanda.
- Beri það ekki árangur, hefur umsjónarkennarinn samband við foreldra/forráðamenn og er það skráð í dagbók viðkomandi nemanda í Mentor.
- Bæti nemandinn sig ekki, boðar umsjónarkennarinn bæði forráðamenn og nemanda í viðtal. Í því viðtali er æskilegt að sá kennari sem kom að málinu fyrst eða annar sem hentar, sé með umsjónarkennara. Niðurstöður þess eru skráðar í dagbók nemandans og einnig hverjir mættu á fundinn.
- Á þessu stigi málsins er hægt leita aðstoðar deildarstjóra og námsráðgjafa eða annarra sem að liði gætu orðið.
- Komi enn í ljós misbrestur á að nemandi sinni námi sínu eða sýni óæskilega hegðun, er máli hans vísað til stjórnanda.

### **Skýr mörk – óásættanleg hegðun**

- Vísitandi skemmdarverk
- Gróft orðbragð
- Líkamlegt ofbeldi
- Vopnaburður
- Notkun fíkniefna

### **Viðurlög við óásættanlegri hegðun – yfir skýr mörk**

- Ávallt vísað til stjórnenda
- Hafa samband við foreldra og leitað leiða.
- Gera uppbyggingaráætlun með foreldrum og nemanda.
- Skráð í Mentor